

41
25. febr.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan kaupstaðarlöðarinnar og hafnarinnar á Flateyri. Skipum á höfninni er óheimilt að taka vatn annars staðar en úr vatnsæðum hreppsins og eingöngu þar, sem vatnssólumaður ákveður.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins nema með leyfi hreppsnefndar og undir eftirliti manns, sem hún nefnir til þess.

3. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveitu Flateyrarhrepps, skal senda umsjónarmanni hennar skriflega umsókn um það, ásamt nákvæmum upplýsingum um vatnsmagn það, sem viðkomandi telur sig þurfa og til hvers það er ætlað.

Vatnsveitan leggur stofnæðar um þorpið eftir þörfum, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum sínum á eigin kostnað allt að 60 metrum, sé um lengri lögn að ræða leggur vatnsveitan nýja stofnæð.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo að óþrifum valdi eða vanrækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru tengd.

Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina. Þar sem slíkt á sér stað við gildistöku reglugerðar þessarar skal tafarlaust samið um þau vatnsnot. Neytendum er heimilt að skjóta ágreiningsatriðum til úrskurðar hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi fyrir vatnið.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar getur lokað fyrir vatnið til hreinsunar á geymi og æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2½% af fasteignamatsverði þeirra að viðbættum 1½% á hverja íbúð umfram eina í húsi.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 5% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

Vatnsnot véla skulu mæld og greiðist 15 aurar fyrir smálest (sbr. 11. gr.).

8. gr.

41

27. febr.

1. Af hverri tunnu síldar skal greiða 5 aura í vatnsgjald.
2. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski og kjöti greiðist 3 aurar í vatnsgjald.
3. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 15 aurar.
4. Af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum fiski greiðist 10 aurar.
5. Fyrir öll önnur vatnsnot, sem ekki eru talin í reglugerð þessari, skal greiða samkvæmt samningi við hreppsnefnd.

9. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða 3 krónur fyrir smálest eða hluta úr smálest. Taki skip meira en 5 smálestir, lækkar gjaldið niður í 2 krónur. Minnsta gjald fyrir öll skip stærri en 20 lestir er 5 krónur og fyrir gufuskip 10 kr.

10. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, sbr. 2. málsg. 7. gr., getur hreppsnefnd ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 15 aura.

Þeir, sem samkvæmt þessari grein og 3. málsg. 7. gr. kaupa vatn um mæla, skulu sjálfir útvega sér mæli og annast viðhald hans. Hreppsnefnd hefur sjálfðæmi um verð vatnsnotanna þar til þessu er fullnægt.

11. gr.

Eigendur húsa, hvers konar vatnsskattsskyldrar framleiðsluvöru eða iðnfyrirtækja, sem framleiða slíka vöru, svo og eigendur skipa eru ábyrgir gagnvart vatnsveitunni um alla vatnsskatta samkvæmt þessari reglugerð.

12. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts samkv. 7. gr. er 15. ágúst, samkv. 8. gr. mánaðarlega, samkv. 9. gr. við afhendingu og samkv. 10. gr. mánaðarlega.

Vatnsskattsskylda vöru má ekki flytja burtu af framleiðslustað fyrr en vatnsskattur er greiddur, ekkert skip má láta úr höfn fyrr en vatnsgjald er greitt, allt að viðlögðum sektum.

13. gr.

Heimilt er hreppsnefndinni, ef sérstaklega stendur á, að hækka vatnsskatt um allt að 100% og lækka um allt að 50% frá ákvæðum þessarar reglugerðar, og taki þær breytingar jafnt til allra gjaldenda.

14. gr.

Hver sá, sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, skal bæta það að fullu og sæta sektum samkv. 16. gr.

Hver sá, sem verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar, til þess að losna við að greiða lögmet gjöld, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, samkv. 16. gr.

15. gr.

Vatnsveitustjóra er frjálst að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja um, til eftirlits. Ef útbúnaði er á einhvern hátt ábótavant, skal það tafarlaust lagfært á kostnað húseiganda.

41

25. febr. Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 500 kr. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki án tillits til eigendaskipta.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

18. gr.

19. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um vatnsveitu Flateyrarhrepps frá 10. september 1926 og gjaldskrá um vatnsskatt í Flateyrarhreppi frá sama tíma.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

42

27. febr. um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tímabilið frá 1. marz til 1. maí 1947.

Á tímabili þessu skal meðalmeðgjöf vera jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákveðinn í 26. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar, en það er sem hér segir:

1. Á 1. verðlagssvæði, þ. e. í kaupstöðum og kauptúnum með 2000 íbúum eða fleiri, kr. 800.00 á ári til barna á aldrinum 1—16 ára.
2. Á 2. verðlagssvæði, þ. e. í öllum sveitarfélögum öðrum en talin eru undir 1. lið, kr. 600.00 á ári til barna á aldrinum 1—16 ára.

Á meðgjöf þessa greiðist verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu eins og hún verður hvern mánuð á ofan nefndu tímabili, og greiðist hún eftir á mánaðarlega.

Jafnframt tilkynnist, að eftir 1. janúar 1947 geta mæður óskilgetinna barna eða aðrir framfærslumenn þeirra, er yfirvaldsúrskurð hafa í höndum um meðalmeðgjöf með slíkum börnum, snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar og fengið þar greiddan þann barnalífeyri, er þeim ber samkvæmt skilríkjum sínum. Hið sama gildir um fráskildar konur, er fengið hafa meðlagsúrskurði með börnum sínum.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.